

Aðalfundur Klappa Grænna Lausna hf.

Stjórn Klappa Grænna Lausna hf. boðar til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður þriðjudaginn 14. maí 2024 á Café Atlanta, Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi. Fundurinn hefst kl. 15:00.


Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
3. Stjórn leggur fram til afgreiðslu endurskoðaðan ársreikning félagsins.
4. Ákvörðun um tillögu stjórnar um hvernig skuli fara með hagnað eða tap ársins 2023.
5. Kosning stjórnar félagsins.
6. Kosning endurskoðenda félagsins.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
8. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál tekin fyrir á fundinum ef gerð hefur verið skriflega eða rafræn krafa þar um. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá fundarins skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins að Hlíðasmára 3, 201 Kópavogi, eða á netfangið investors@klappir.com eigi síðar en 10 dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 15:00 þann 4. maí 2024.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir aðalfund, þ.e. 1. maí 2024, til samræmis við ákvæði laga um hlutafélög.

Skráning hluthafa á fundinn fer fram á heimasíðu félagsins www.klappir.com/investors. Ekki verður boðið upp á rafræna þátttöku á fundinum en hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði bréflaga eða að láta umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Atkvæði sem greidd eru bréflaga skulu hafa borist á netfangið investors@klappir.com eigi síðar en kl. 14:00 á fundardegi 14. maí 2024.



Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Umboð má leggja fram á fundinum eða senda netfangið investors@klappir.com fyrir fundinn.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundinum

Aðrar upplýsingar

Framboðsfrestur vegna stjórnarkjörs rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins eða á netfangið investors@klappir.com fyrir kl. 15:00 þann 9. maí 2024. Stjórn félagsins mun fara yfir framboðstilkynningar og kalla eftir viðbótargögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir.

Framboðseyðublað er að finna á vefsíðu félagsins www.klappir.com/investors. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins www.klappir.com/investors.

Kópavogur, 18. apríl 2024
Stjórn Klappa Grænna Lausna hf.